

# EFTIRLITSSKÝRSLA

## SORPA Álfsnesi Reykjavík



<b>Dags eftirlits</b>	14.1.2021	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Sigríður Magnúsdóttir
<b>Fyrirtæki</b>	SORPA Álfsnesi	<b>Eftirlitsmaður</b>	Halla Einarsdóttir
<b>Heimili</b>	Álfsnes	<b>Tegund eftirlits</b>	Fyrirvaralaust
<b>Kennitala</b>	5105881189	<b>Flokkur</b>	Úrgangur og efnamóttaka
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Eiður Guðmundsson	<b>ÍSAT nr.</b>	38.21.00
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Arnór Gunnarsson	<b>Staðsetning</b>	366624,722 412355,277

### NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Fram fór óvenjubundið eftirlit vegna elds sem upp kom í urðunarrein fyrir lífrænan úrgang í Álfsnesi. Engin frávik komu fram við eftirlit en Umhverfisstofnun hefur óskað eftir upplýsingum um verklag á urðunarstaðnum og hvort og þá hvernig það verklag verður endurbætt t.d. m.t.t. elds og aðskilnaðs brennanlegs úrgangs.

### UMFANG EFTIRLITS

Fram fór óvenjubundið eftirlit vegna elds sem kom upp í urðunarrein fyrir lífrænan úrgang í Álfsnesi þann 8. janúar sl.

Rekstraraðili sendi greinargerð vegna atviksins inn til stofnunarinnar þann 12. janúar. Samkvæmt greinargerðinni varð sjálfsíkveikja í Gými, aflögðum móttökustað fyrir lífrænan- og lyktarsterkan úrgang. Unnið var að frágangi og því púði úr greinum, timburflís og dekkjakurli ofan á gryfjunni. Bera fór á meiri hita og reyk í gryfjunni í upphafi árs 2021, farið var í fyrirbyggjandi aðgerðir sem var ekki lokið þegar sjálfsíkveikja varð í yfirlagi að morgni 8. janúar sl. Eldur var í yfirlagi og náði að læsa sig í nærliggjandi haug af lausum úrgangi. Slökkvilið, ásamt starfsmönnum urðunarstaðarins, réðu niðurlögum eldsins með því að dæla vatni og keyra jarðvegi á eldinn. Slökkvistarf tók upp 4 klst.

Eftirlitið hófst á fundi með fulltrúa rekstraraðila þar sem farið var yfir atburðarrásina þann 8. janúar, viðbrögð við atvikinu, möguleg mengunaráhrif og aðgerðir til forvarna. Fram kom að frá atvikinu hefði verið sólarhringsvakt á staðnum. Stöku sinnum hefur komið upp reykur síðan og sé þá jarðvegi ekið á þá staði þar sem eldur kemur upp. Sömuleiðis hefur haugur af lausum úrgangi, sem er staðsettur við hlið gryfjunnar, verið að mestu birgður með jarðvegi og er unnið að því að ljúka því verki. Gámar og eldsneytisgeymar sem tilheyra Ými technologies hafa verið fluttir á annan stað á athafnasvæðinu í Álfsnesi. Áfram yrði unnið að frágangi á gryfjunni og til stæði niðurrif móttökuhúss Gýmis. Einnig kom fram að verklag yrði rýnt sem og að skoða þyrfti geymslu á lausum úrgangi.

Á urðunarstaðnum þarf að tryggja að aðskilnaður brennanlegra úrgangshauga sé nægilegur sem og hvort önnur eldhætta, t.d. vegna sjálfsíkveikju sé um að ræða á urðunarstaðnum, og þá fjarlægð brennanlegra úrgangshauga frá slíkum uppsprettum. Einnig þarf að skoða hvort bæta megi verklag vegna elds í urðunarrein. Umhverfisstofnun óskar eftir upplýsingum frá rekstraraðila um þá rýni á verklagi sem rekstraraðili hyggst gera, framtíðarstaðsetningu hauga af úrgangi í geymslu, uppfærslu á áhættumati og verklagi vegna elds í urðunarrein og hvort og þá hvaða áætlanir rekstraraðili hafi um starfsemi Ýmir technologies á urðunarstaðnum. Rekstraraðila er jafnframt bent á að um tilraunir til endurnýtingar flokkaðs úrgangs, lyktarsterks úrgangs og annars úrgangs sem valdið getur óþrifnaði gildir III. mgr. gr. 1.2 í starfsleyfi urðunarstaðarins.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 08.04.2021

Sigríður Magnúsdóttir